

Mál nr. 389/2010

**M
og
vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar tannlæknis.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu vegna tannbrots.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 3.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 20.12.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í nóvember 2007 gekkst M undir rótarfyllingu á tönn nr. 27 í efri gómi hjá tannlæknum T. Kom M til T í þrjú skipti, en ekki tókst að ljúka aðgerðinni, m.a. sökum þess að M var barnshafandi og því ekki unnt að taka röntgenmyndir af tönninni eins og nauðsynlegt þótti. Stóð til að ljúka aðgerðinni strax og M hafði fætt barnið. Er M kom svo til T var tönnin brotin og ekki unnt að gera neitt annað en að fjarlægja hana. Í kjölfarið hefur M farið í tannréttingar til að minnka bilið sem myndaðist í tanngarðinum við það að tönnin var fjarlægð.

M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu, sbr. lög nr. 111/2000, sem T hefur keypt hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 2.-4. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eru tilgreind þau tjónsatvik sem lögin taka til. Gögn máls þessa eru mjög af skornum skammti og lítil sem engin grein gerð fyrir því, né rökstutt með viðhlítandi hætti, á hvern hátt tjón M teljist bótaskyld úr sjúklingatryggingu þeirri sem T hafði keypt hjá X. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem bendir til að krafa M sé reist á einhverjum þeim atvikum sem tilgreind eru í áður nefndum lagaákvæðum og leitt geta til bótaskyldu úr vátryggingunni. Þegar af þeirri ástæðu telst tjónið ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu hjá X.

Reykjavík, 11. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.